



Lúxemborg, 7. maí 2008

## FRÉTTATILKYNNING 04/2008

### Dómur í máli E-7/07

#### **NORSKAR REGLUR UM HÁMARKS FRÁDRÁTT VEGNA SKATTS SEM GREIDDUR ER Í ÖÐRU RÍKI GETA HINDRAÐ STAÐFESTURÉTT**

Með dómi sem kveðinn var upp 7. maí sl. gaf EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit varðandi spurningar sem honum bárust frá *Stavanger tingrett* í Noregi. Málið fyrir landsdómstólnum lýtur að ágreiningi um norskar reglur um hámarks frádrátt vegna skatts sem greiddur er í öðru EES-ríki og hvort þær samræmist m.a. 31. gr. EES-samningsins um staðfesturétt.

Spurningarnar sem lagðar voru fyrir dómstólinn varða í aðalatriðum hvort EES-ríki brjóti gegn 31. gr. EES, dragi það hluta af vaxtakostnaði og kostnaði vegna framlaga milli félaga innan samstæðu (samstæðuframlög) frá tekjum útibús í öðru EES-ríki (gistiríki) við útreikning á hámarks frádrætti skattgreiðanda vegna skatts sem hann greiðir í gistiríkinu. Þá var spurt að hvaða marki svarið velti á því hvort kostnaðurinn tengist eingöngu starfsemi skattgreiðandans í heimaríkinu.

Samkvæmt norskum lögum greiða skattþegar sem eru heimilisfastir í Noregi, en hafa tekjur bæði í Noregi og öðru ríki, skatt af nettó heildartekjum sínum í Noregi og öðrum ríkjum (reglan um alheimsskattlagningu). Þegar þeir skattgreiðendur sem eru heimilisfastir í Noregi eru skattlagðir í gistiríki vegna tekna þar, hefur alheimsskattlagning í för með sér tvísköttun viðkomandi tekna. Til þess að léttu byrði vegna slíkrar tvísköttunar, veitir Noregur frádrátt frá skatti sem greiddur hefur verið í gistiríki, en aðeins upp að ákveðnu marki (hámarks skattafrádráttur).

Í Noregi er hámarks skattfrádráttur reiknaður á grundvelli nettótekna í gistiríki, að frádregnum hluta af kostnaði skattgreiðanda, svo sem vaxtakostnaði og samstæðuframlögum, í hlutfalli við þann hluta heildartekna skattgreiðandans sem aflað er í gistiríkinu. Þetta setur skattgreiðendur sem hafa útibú í öðru EES-ríki í verri stöðu af þeirri ástæðu einni að þeir nýta sér rétt sinn til stofnsetningar skv. EES-samningnum.

Í dóminum kemur fram að EES-samningurinn leggur ekki þá skyldu á samningsaðilana að léttu byrði vegna tvísköttunar innan EES-svæðisins. Samningsríkin halda valdi sínu til að afmarka skattalögsögu sína, m.a. með gerð tvísköttunarsamninga. Ríkin verða hins vegar að virða skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum þegar þau beita skattlagningarvaldi sínu. Dómstóllinn taldi því að meta þyrfti hvort reglur um hámarks skattafrádrátt, eins og þær sem málið varðar, hindri staðfesturétt skv. 31. gr. EES-samningsins.

Í úrlausn dómsins kemur fram að hærri skattbyrði, sem leiðir af tvísköttun, sé sem slík til þess fallin að aftra skattgreiðendum frá því að nýta rétt sinn til staðfestu samkvæmt EES-samningnum. Höft á staðfesturétti sem leiða af því að skattkerfi ríkja eru ólík falla þó ekki undir EES-samninginn.

Við mat á því hvort óhagræði sem leiðir af reglum um hámarks frádrátt, eins og þær sem málið varðaði, skýrist af mun á skattkerfum ríkja, þarf að mati dómstólsins að kanna hvort skattgreiðendur sem hafa útibú í öðru EES-ríki eru í sambærilegri stöðu, með tilliti til þess kostnaðar sem um ræðir, og skattgreiðendur sem hafa allan sinn rekstur í heimaríki.

Hvað vaxtakostnað varðar eru skattgreiðendur sem hafa allan vaxtakostnað sinn í heimaríki í sambærilegri stöðu, hvað þann kostnað varðar, óháð því hvort þeir reka útibú í öðru ríki eða ekki. Í báðum tilvikum ættu skattgreiðendur því að fá sömu skattmeðferð í heimaríkinu vegna kostnaðarins.

Samkvæmt því var það niðurstaða dómstólsins að EES-ríki hindri staðfesturétt samkvæmt 31. gr. EES-samningsins, dragi það hluta af vaxtakostnaði skattgreiðdanda frá tekjum útibús í öðru EES-ríki, við útreikning á hámarks frádrætti vegna skatts sem greiddur er í því ríki, að því leyti sem kostnaðurinn tengist rekstri félagsins í heimaríkinu.

Hvað samstæðuframlög varðar taldi dómstóllinn að þegar félög sem veita framlög til dótturfyrirtækja í heimaríki eru borin saman séu félög sem eru með útibú í öðru EES-ríki ekki í annarri stöðu en félög sem hafa allan sinn rekstur í heimaríkinu, hvað þessi framlög snertir. Útibúið hefur engin áhrif á möguleika heimaríkisins til að skattleggja framlögin hjá því félagi sem tekur við þeim. Bæði félögin ættu því að fá sömu skattmeðferð vegna kostnaðarins.

Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að EES-ríki hindri staðfesturétt í skilningi 31. gr. EES-samningsins, dragi það hluta af kostnaði vegna samstæðuframlaga sem greidd eru innan skattalögsögu þess frá tekjum útibúsins í öðru EES-ríki við útreikning á hámarks frádrætti vegna skatts sem greiddur er í því ríki.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int)

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.